



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2023

RAFÍ2SH05
Rafíþróttir, spilun og heilsa

Kennari:	Luis F. T. Meza luis@fsu.is Pelle Damby Carøe pellecaroe@fsu.is	LF PC
-----------------	--	------------------------

Áfangalýsing:

Nemendur læra og afla sér þekkingar á rafíþróttum og eru búnir undir hvernig hægt er að kynna og spila rafíþróttir í nærumhverfi sínu, í félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Áhersla er lögð á þá rafíþróttaleiki sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum hverju sinni. Nemendur finni hlutverk sitt, til dæmis spilari, þjálfari, eða skipuleggjandi. Nemendur skipuleggja æfingaleiki og sýna frá þeim. Nemendur kynnast áhrifum heilsutengdra þátta sem hafa áhrif á frammistöðu rafíþróttamanns, eins og svefns og næringar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi markvissrar og skipulagðrar þjálfunar
- mikilvægi heilsu, næringar, hreyfingar og svefns á frammistöðu sína
- þjálfun í tölvuleikjaspilun
- að halda viðburði innan og utan skóla og leiðbeina öðrum um spilun leikja
- hvernig er að vera hluti af góðri liðsheild á jafnréttisgrundvelli
- hvernig mismunandi leikir krefjast mismunandi leikni og færni til að gera liðið sem heild betra
- innsýn í markaðs- og viðskiptafræði í rafíþróttum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- stunda íþróttina markvisst
- öðlast góðan tæknilegan grunn í greininni
- iðka fjölbreyttar æfingar og leiki
- beita skapandi lausnamiðaðri hugsun
- stunda hreyfingu sem styrkir og gefur meira úthald til leikjaspilunar
- nýta sér tækni- og miðlalæsi sér og liði sínu til framdráttar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þekkja tengsl andlegrar, félagslegrar og líkamlegrar heilsu
- skipuleggja og halda viðburði
- búa til kennslumyndbönd um ýmsa þætti rafíþróttarinnar
- eiga jákvæð og skilvirk samskipti við liðsfélaga
- þekkja jafnrétti í rafíþróttum

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1.-4.	2. janúar - 29. janúar	<ul style="list-style-type: none">- Kennsla hefst fim. 5. janúar.- Námsáætlun áfangans kynnt- Spilun, streama & tölvuleikjafíkn League of Legends	Kynning á tölvuleik (10%)
5.-8.	30. janúar - 26. febrúar	<ul style="list-style-type: none">- Miðannarmat, lokaskil fös. 24. febrúar- Kenningar um tölvuleikjaspilun	Heilsu og spilun (15%)
9.-13.	27. febrúar - 31. mars	<ul style="list-style-type: none">- Páskafrí hefst mán. 3. apríl- Undirbúningur fyrir LAN og frjálsan tíma fyrir æfingar/spilun	LAN (20%) Heimsókn hjá rafíþróttadeild (20%)
15.- 18.	12. apríl - 5. maí	<ul style="list-style-type: none">- Undirbúningur fyrir heimsókn- Síðasti kennsludagur fös. 5. maí	Æfingaleiki (15%)
19.- 22.	8. maí - 30. maí	<ul style="list-style-type: none">- Lokanámsmat hefst mán. 8. maí- Sjúkrapróf verða mán. 15. maí- Brautskráning verður fös. 26. maí- Starfsdaga verða 29.-30. maí- Velja sér leik, spila leikinn, upptaka og undirbúningur fyrir kynningu	

Sérreglur áfangans:

Nemendur sem verða uppvísir af því að skila verkefnum frá öðrum eða verkefnum tekin af netinu (td. copy-paste) fá 0 fyrir slík verkefni og fá ekki að skila aftur.

Það er ekki leyfilegt að borða mat eða vera með opna drykki í kennslustofunni.

Öll raftæki og aukahlutir sem eru teknir með í skólann (eins og lyklaborð, mýs og leikjatölvur) eru á ábyrgð nemandans. Það eru ekki kröfur um að koma með né kaupa raftæki í áfanganum.

Námsmat:

Í áfanganum er unnið með 5 verkefni yfir önnina.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kynning á tölvuleik	Nemandi velur sér tölvuleik sem hann vill kynna fyrir hópinn munnlega ásamt kennslumyndbandi.	10%
Heilsu og spilun	Próf í Innu sem er kenningalega byggð á áhrif heilsu, spilun og frammistaða rafíþróttamanns.	15%
Heimsókn hjá rafíþróttadeild	Nemendur skipuleggja ferðalag þar sem við heimsækjum rafíþróttadeild og fáum kynningu og leyfi til þess að spila saman.	20%
LAN	Nemendur skipuleggja saman LAN í skólanum á laugardegi eða sunnudegi frá klukkan 10:00 – 20:00 þar sem verður keppt í mismunandi leikjum sem höfða til allra.	20%
Æfingaleiki	Nemendur skipuleggja æfingaleiki og sýna frá þeim.	15%
Virkni og áhugi		20%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Selfoss, janúar 2023

Bestu kveðjur,

Luis F. T. Meza & Pelle Damby Carø